



Reykjavík, 20. apríl 2021

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólsgrata 4  
105 Reykjavík

### **Efni: Umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um samning Menntamálaráðuneytis við Fisktækniskóla Íslands**

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar ákvörðun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að gera samning við Fisktækniskóla Íslands um fisktækninám annað nám tengt því.

SFS fagnar endurnýjun samnings ráðuneytisins við Fisktækniskólann enda mikilvægt að í boði sé nám fyrir störf í grunnatvinnuvegunum. Að auki samræmist það yfirlýstri stefnu ríkistjórnar og ráðuneytis um eflingu náms í starfs-, verk- og tæknigreinum.

Fiskeldi, einkanlega laxeldi, hefur vaxið verulega á undanförunum árum og er nú orðið markverður hluti vöruútflutnings og mikilvægur þáttur í þjóðarbúskapnum og atvinnusköpun. Í nýlegri samantekt Hagstofunnar kemur fram að framleiðsla á eldisfiski hér á landi tók stökk milli áráanna 2018 og 2019 og jókst þá um 77 prósent milli ára. Á þessu ári er áætluð heildarframleiðsla í laxeldi á Íslandi um 31.500 tonn og verðmæti um það bil 35 milljarðar króna eða sem nemur tæplega 3% af heildarútflutningi. Miðað við áform eldisfyrirtækjanna og umsóknir um ný rekstrarleyfi bendir fátt til annars en að þessi þróun haldi áfram. Það er því ljóst að fiskeldi á Íslandi verður á komandi árum ný meginstoð í íslenskri sjávarvæðri framleiðslu og þýðingarmikill þáttur í efnahagsstarfsemi Íslands. Samhliða auknum umsvifum í fiskeldi hafa kröfur um menntun og hagnýta þekkingu aukist.

SFS leggur því ríka áherslu á að viðurkenningu ráðuneytis fái á þeim 15-17 nemendaígildum sem þarf til að nemendur geti lokið þriðja ári á fiskeldisbraut og tryggi þar með fjármögnun á þeim en endurnýjaður samningur felur eingöngu í sér viðurkenningu á nemendaígildum í grunnnámi í fisktækni (1. og 2. ár). Ljóst er að aukin eftirspurn verður eftir hæfu og menntuðu starfsfólki á næstu árum.

Virðingarfyllst,  
f.h. SFS

Hrefna Karlsdóttir

Sigurgeir Bárðarson